# Verkefni / rannsókn: Fordómafræðsla fyrir grunnskólanemendur

Styrkþegi: Jafnréttishús ehf


**Samantekt**

Á vormánuðum 2009 fór Jafnréttishús í Hafnarfirði með fræðslu um fjölmenningu og fordóma í sex grunnskóla í Hafnarfirði og Garðabæ þar sem nemendur úr 9. og 10. bekkjum skólanna fengu fræðslu. Þegar rætt var við unglingana kom í ljós að veruleg þörf er á fræðslu um fjölmenningu og þeim samfélagslegu breytingum sem orðið hafa á íslensku samfélagi síðast liðin tíu ár. Almennt virtust nemendur ekki gera sér grein fyrir ástæðum þess að Ísland eins og önnur Evrópulönd er orðið fjölmenningarsamfélag, né að sú breyting sé komin til að vera. Allt of mikið bar á fordómum í garð útlendinga sem stafa eingöngu af vanþekkingu og brá sumum kennurum við að heyra hugmyndir nemenda sinna. Útskýrt var fyrir nemendum að vegna aðildar Íslands að EES og Schengen sé Ísland nú hluti af einum evrópskum atvinnumarkaði sem geri það að verkum að til verður fjölmenningarlegt samfélag. Hugtök eins og fjölmenning, staðalímyndir og rasismi voru útskýrð og nemendur unnu síðan saman í litlum hópum þar sem þau veltu því fyrir sér hverjir séu Íslendingar í dag. Í lokin kynntu hóparnir niðurstöður sínar fyrir hverjum öðrum og ræddu niðurstöður þeirra frekar. Sérstaklega urðu miklar umræður um ríkisfang, tungumál og blóðtengsl. Eftir að hafa útskýrt ástæður og ýmsa þætti sem fylgja fjölmenningarsamfélagi fengu unglingarnir almennt aukin skilning og voru yfirleitt mun jákvæðari í lok fræðslunnar. Miklar umræður sköpuðust í kringum hópvinnuverkefnið sem þau unnu. Þannig voru þau vakin til umhugsunar um þessi mál sem skilar væntanlega umburðarlyndari einstaklingum út í samfélagið.

# Project: Education for young teenagers about prejudices in multicultural societies.

Grantee: Jafnréttishús ehf

**Abstract**

Late winter 2009 Jafnréttishús in Hafnarfjörður visited 9th and 10th graders at six schools in Hafnarfjörður and Garðabær. The purpose was to educate the teenagers about multiculturalism and concomitant negative factors that often appear in a multicultural society especially when a homogenic society, like Iceland used to be until mid 90's, undergoes a rapid change towards multicultural society. While discussing these changes with the teenagers it soon became clear that this kind of education is badly needed. At large they didn´t seem to realize why Iceland has become a multicultural society or that it will continue to be and many of the teachers were deeply concerned about the xenophobic views some of their students expressed. It was explained to them that due to Iceland's membership of EEU and Schengen, it's now a part of one European labour market which actuates multiculturalism in countries where there are many available jobs as was the case in Iceland until October 2008. After explaining and clarifying concepts like multiculturalism, stereotypes and racism to the students they reflected on the question "who are today's Icelanders"? in small workgroups. The groups then presented the outcome of their discussion which led to further discussions especially concerning citizenship, the Icelandic language and blood relations. In the end most of the teenagers were more positive towards multiculturalism and the active discussions raised new thoughts and questions for them to ponder which presumably generates for the Icelandic society more tolerant and broadminded persons.